


Heimsókn menningarmálaráðherra Kína til Íslands

Menningarmálaráðherra Kína, Sun Jiazheng, er staddur í opinberri heimsókn hér á landi í boði Tómasar Inga Olrich, menntamálaráðherra. Í för með ráðherranum eru embættismenn úr kínverska menningarmálaráðuneytinu.

Dagskrá heimsóknar Jiazheng verður fjölþætt og mun hann m.a. skoða sýningu á íslenskum miðaldahandritum í [Þjóðmenningarhúsinu](#), sýningu á verkum Júlíönu Sveinsdóttur í [Listasafni Íslands](#) og sýningar í [Listasafni Reykjavíkur](#). Einnig mun ráðherrann heimsækja [Alþingi](#) og sækja tónleika [Sinfóníuhljómsveitar Íslands](#).

Farið verður í ferð um Suðurland með viðkomu í [Árbærjarsafni](#) og Nesjavallavirkjun, gengið um Þingvelli og Gullfoss og Geysir skoðaðir. Lýkur ferðinni í [Húsinu á Eyrarbakka](#) þar sem Byggðasafn Árnesinga er til húsa. Kínverski ráðherrann átti fund með



Frá fundi menningarmálaráðherra Kína, Sun Jiazheng og Tómasar Inga Olrich, menntamálaráðherra, í Ráðherrabústaðnum

menntamálaráðherra og ræddu þeir m.a. menningarsamskipti þjóðanna sem þeir töldu geta verið gagnleg og áhrifarík fyrir báðar þjóðir. Tómas Ingi Olrich, menntamálaráðherra, lagði áherslu á að menningarglegum fjölbreytileika væri sýndur fullur skilningur og virðing. Það ætti ekki síst við um Kína þar sem svo háttaði til að fjöldi tungumála væri talaður og menningarleg sérstaða þjóða og þjóðarbrotta væri mikil. Einnig ræddu ráðherrarnir mikilvægi alþjóðlegra samninga á menningarsviðinu og viðleitni [UNESCO](#) og annarra alþjóðlegra menningarstofnana í þróun lýðræðis og menningarsamskipta.

Að loknum fundi ráðherranna var efnt til blaðamannafundar í Ráðherrabústaðnum. Sun Jiazheng heldur af landi brott ásamt föruneysi laugardaginn 25. október.

Málþing um kennslu í stærðfræði

Menntamálaráðuneytið stendur fyrir [málþingi um kennslu í stærðfræði](#) 24. og 25. október nk. Á málþinginu mun Mogens Niss, próffessor í stærðfræði og stærðfræðimenntun við [Háskólann í Hróarskeldu](#), kynna hugmyndir um hæfnisvið og ræða í framhaldi af því um námsmat í stærðfræði.

Hæfnisvið og stærðfræðinám

Árið 2000 fólu danska kennslumálaráðuneytið og kennslumálaráðið um náttúruvísindi, *Naturvidenskabeligt Uddannelsesråd*, nefnd undir forystu Mogens Niss að svara nokkrum spurningum varðandi stærðfræðinám og kennslu, m.a. um hvort þörf væri á að endurnýja stærðfræðikennsluna þar í landi, hvaða hæfni þyrfti að rækta með nemendum, hvernig mætti tryggja samfelldu milli skólastiga og hvernig mætti mæla hæfni í stærðfræðinámi. Niðurstaða nefndarinnar var skýrsla sem var gefin út árið 2002 sem nefnist [Kompetencer og matematiklæring](#) sem þýða mætti *Hæfnisvið og stærðfræðinám*. Unnið er nú að því að hrinda þessum hugmyndum í framkvæmd.

Mogens Niss hefur mikla þekkingu á sviði stærðfræðimenntunar, er eftirsóttur fyrirlesari á því sviði og er einn af forstöðumönnum PISA-verkefnisins á vegum [OECD](#). Hann var aðalfyrirlesari á níunda alþjóðþinginu um stærðfræðimenntun, ICME-9, sem haldið var í Japan árið 2000. Hann verður forseti ráðstefnunnar [ICME-10](#) sem Norðurlöndin halda sameiginlega í Kaupmannahöfn í júlí árið 2004.

Málþingið er haldið í samvinnu við [Íslenska stærðfræðafélagið](#), [Kennaraháskóla Íslands](#), [Háskóla Íslands](#), stærðfræðiskor, [Flöt](#), samtök stærðfræðikennara og [Félag raungreinakennara](#). Á málþinginu mun Mogens Niss einnig fjalla um nýlegar námskrár í stærðfræði fyrir grunnskóla og framhaldsskóla.

Dagur íslenskrar tungu

Fyrir átta árum ákvað ríkisstjórnin að fæðingardagur Jónasar Hallgrímssonar, 16. nóvember, yrði [dagur íslenskrar tungu](#) ár hvert. Menntamálaráðuneytið hefur síðan árlega beitt sér fyrir sérstöku átaki í þágu íslensks máls og helgað þennan dag rækt við það, í góðu samstarfi við skóla, stofnanir, fyrirtæki, félagasamtök og einstaklinga.



Hér með er hvatt til þess að landsmenn hugi nú, eins og undanfarin ár, að því að nota 16. nóvember eða dagana þar í kring til að skipa íslenskunni í öndvegi. Hægt er að minnst dagsins með margvíslegu móti og mætti nefna sem dæmi ljóðalestur, upplestrarkeppni, tónlistarflutninga á íslensku eða samkomur af ýmsum toga.

Menntamálaráðuneytið hefur falið Íslenskri málstöð að annast ýmsa verkþætti í tengslum við viðburði á degi íslenskrar tungu 2003 og er öllum frjálst að leita til málstöðvarinnar ef spurningar vakna (aripk@ismal.hi.is eða í s. 552 8530).

Af umræðuþingi um styttingu náms til stúdentsprófs á [menntagatt.is](#)

„Mér finnst engan veginn vera heil brú í því að stytta og samræma framhaldsskólabóknám og loka á alla valkosti nemenda þar til nám í háskóla er hafið. Ekki verður hægt að gera neinn greinarmun á nemanda af náttúrufræðibraut MR eða félagsfræðibraut MS þegar báðir hafa í hyggju að fara í læknisnám, enda voru báðir aðilar í nákvæmlega sömu enskunni, stærðfræðinni og íslenskunni“.

Friðrik Árni Friðriksson
Nemandi í MR

